

**Ed. 307. Frumvarp til laga [161. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 26 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stofna til kaupa á þyrlu af meðalstærð fyrir Landhelgisgæzluna, til notkunar við landhelgisgæzlu, björgunarstörf og önnur hjálparstörf, og möguleiki sé á að afla innlends láns til þeirra kaupa.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 26 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 4. júní 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Magnús Jónsson.